



Helstu verkefni í Háskóla Íslands á vormisseri 2012

Yfirlit yfir framkvæmd og stöðu verkefnana fyrir háskólaráð

Framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 (sbr. aðgerðaráætlun sem samþykkt var á háskólaþingi og í háskólaráði í desember 2011).

1) Rannsóknir og nýsköpun

Próunar- og samstarfsverkefni.

- Fjöldi verkefna er í gangi eða í undirbúningi.

Stoðþjónusta við umsóknir í samkeppnissjóði.

- Ýmsar aðgerðir eru í undirbúningi, s.s. endurskipulagning Rannsóknþjónustunnar og ráðning rannsóknastjóra á fræðasviðum.

Nýdoktorastörf – áhersla á fjölgun.

- Nýdoktorastörfum er að fjölga, ekki síst fyrir tilstilli Aldarafmælistjóds.

Miðstöð framhaldsnáms – endurskoðun viðmiða og krafna um gæði doktors- og meistaranáms, sameiginlegar prófgráður.

- Endurskoðuð viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru unnin á vettvangi gæðanefndar og samþykkt á háskólaþingi 18. apríl og í háskólaráði 3. maí sl. Ákvörðun hliðstæðra gæðaviðmiða fyrir meistaranám er í undirbúningi.

Nýsköpun (bætt stoðþjónusta við stofnun og rekstur sprotafyrirtækja og gerð viðskiptaáætlana, aukið ytra samstarf).

- Unnið er að verkefninu á ýmsum vettvangi og m.a. samþykkti háskólaráð 14. júní sl. stofnun Hagnýtingar- og nýsköpunarsjóds HÍ. Tilgangur sjóðsins er að styðja við hagnýtingu hugverka sem tengjast rannsóknaniðurstöðum, nýsköpun, umsóknir um einkaleyfi og vernd hugverka.

2) Nám og kennsla

Endurskoðun stefnu um inntökukröfur og námsástundun.

- Hagfræðideild innleiddi inntökupróf sl. vor og unnið er að þróun almenns aðgangsprófs fyrir fleiri deildir. Á vettvangi kennslumálanefndar og gæðanefndar er einnig unnið að ýmsum öðrum aðgerðum til að auka námsástundun og -árangur.

Úttektir gæðaráðs á deildum og þverfræðilegum einingum (fimm einingar í mati á vormisseri, 10 deildir bætast við veturinn 2012–2013).

- Mikill undirbúningur hefur farið fram í tengslum við gæðamatið innan HÍ og ljúka fyrstu 5 einingarnar mati á þessu haustmisseri og 10 deildir til viðbótar fara í mat veturinn 2012-2013.

Stefna fræðasviða og deilda um nám og kennslu. Aukið samstarf fræðasviða og deilda.

- Gefnar hafa verið út leiðbeiningar fyrir mótun kennslustefnu fræðasviða og deilda og hafa nokkur fræðasvið og deildir þegar lokið stefnumótunavinnunni.

Endurskoðun kennslukönnunar í grunnnámi, stutt miðmisseriskönnun og ný könnun fyrir framhaldsnám. Eftirfylgni gerð sýnilegri.

- Unnið er að verkefninu á vettvangi kennslumálanefndar.

Samræming vinnuframlags og námseiningamats.

- Unnið er að verkefninu á vettvangi kennslumálanefndar og fræðasviðanna.

Samþætting rannsókna og kennslu á öllum námsstigum.

- Unnið er að verkefninu á vettvangi kennslumálanefndar og fræðasviðanna, m.a. í tengslum við gerð kennslustefnu fræðasviða og deilda og gæðamats deilda. Fjallað hefur verið um málið á fjölsóttum ráðstefnum og vinnustofum á vegum Stúdentaráðs, kennslumálanefndar og Kennslumiðstöðvar. Frekara námskeiðahald er í undirbúningi.

Innleiðing viðhorfskannana meðal núverandi og fyrrverandi nemenda.

- Félagsvísindastofnun framkvæmdi sl. vor ítarlegar viðhorfskannanir meðal núverandi og fyrrverandi nemenda á öllum námsstigum og voru niðurstöður þeirra m.a. kynntar á háskólaþingi 18. apríl sl. Niðurstöðurnar eru mikilvæg gögn við gerð kennslustefnu, sjálfsmat og í reglubundnu gæðastarfi deilda. Kannanirnar verða endurteknaðar árlega.

Samþætting fjarnáms og staðnáms.

- Unnið er að málinu m.a. á vettvangi kennslumálanefndar og samstarfs opinberu háskólanna.

Fjarkennsla í samstarfi við erlenda háskóla.

- Nokkur dæmi eru innan Háskóla Íslands um fjarkennslu í samstarfi við erlenda háskóla, en nýta þarf betur tækifæri sem skapast vegna mikils framboðs vefnámskeiða við erlenda háskóla.

Bætt tölfraði og upplýsingar um nemendur.

- Skilgreindar hafa verið lykiltölur um nemendur og nám í tengslum við gerð kennslustefnu og gæðamat deilda. Áfram verður unnið að því að bæta öflun, greiningu og miðlun tölulegra upplýsinga.

3) Mannauður

Ráðningarferli.

- Nýtt ráðningar- og framgangskerfi var samþykkt árið 2010 og er nú verið að sníða af því hnökra í ljósi reynslunnar.

Vinnustaða-/starfsánægjukönnun meðal starfsmanna.

- Ný könnun verður lögð fram í september 2012 í samstarfi starfsmannasviðs og Félagsvísindastofnunar.

Jafnréttismál.

- Við Háskóla Íslands er í gildi jafnréttisstefna og stefna gegn mismunum. Fjölmargir aðilar vinna að verkefninu, s.s. jafnréttisnefnd háskólaráðs, jafnréttisfulltrúi, jafnréttisnefndir fræðasviða, ráð um málefni fatlaðra o.fl. Einnig er unnið að rannsóknum á sviði jafnréttismála innan Félags-, Hug- og Menntavísindasviðs. Jafnréttisnefnd gefur reglulega út skýrslu um stöðu jafnréttismála við Háskóla Íslands.

Tengd störf (joint appointments).

- Verkefni í vinnslu.

4) Ábyrgð gagnvart samfélagi og umheimi

Stefna um sjálfbærni.

- Ný sjálfbærni- og umhverfisstefna Háskóla Íslands var unnin á síðasta vetri og samþykkt á háskólaþingi 9. des. 2011 og í háskólaráði 1. mars 2012. Í kjölfarið var skipað umhverfis- og sjálfbærnefnd sem hefur það hlutverk að fylgja stefnunni eftir með margvíslegum aðgerðum.

Samþætting siðfræði og faglegs náms.

- Siðfræðistofnun hefur hlotið styrk úr Aldarafmælisjóði til að hafa umsjón með þessu verkefni og hefur stofnunin lagt fram verkáætlun.

Hollvinastarf.

- Í kjölfar aldarafmælis Háskóla Íslands er hafinn undirbúningur að skipulegri uppbyggingu hollvinastarfs við skólann. Byggt verður m.a. á reynslu framsækinnna háskóla á Norðurlöndunum.

Rannsóknir á grunnstoðum íslensks samfélags.

- Fjölmörg verkefni eru þegar í gangi eða í undirbúningi, einkum á vettvangi Félags-, Mennta- og Hugvísindasviðs.

Aðsókn innflytjenda í Háskóla Íslands.

- Ýmsar leiðir til að efla þátttöku innflytjenda í háskólanámi eru í skoðun. Þetta verkefni tengist einnig endurskipulagningu Alþjóðaskrifstofunnar, sem hefur það m.a. að markmiði að styðja betur við erlenda nemendur og innflytjendur.

Háskóladagur 17. febrúar. Tímarit Háskóla Íslands.

- Háskóladagurinn er haldinn árlega í febrúar og í tengslum við hann er gefið út veglegt Tímarit Háskóla Íslands þar sem fjölbreytt tarfsemi skólans er kynnt.

Skipulag og stjórnkerfi

Stjórnkerfi styrkt (verklagsreglur, gæðahandbók, stoðþjónusta efling, verka- og ábyrgðarskipting miðlægt og á fræðasviðum endurskoðuð, skipurit samræmd o.fl.).

- Mikil vinna hefur verið lögð í söfnun, gerð og samræmingu verklagsreglna, verkferla, gátlista og eyðublaða. Einnig er unnið að gerð gæðahandbókar fyrir nám og kennslu og verða báðar handbækur birtar á innri vef háskólans á komandi vetri.

Endurskoðun á starfi og skipulagi Rannsóknþjónustu.

- Undirbúningur að endurskoðun á Rannsóknþjónustunni hefur staðið yfir um nokkurt skeið og er verkefnið á lokastigi.

Endurskoðun á starfi og skipulagi Alþjóðaskrifstofu.

- Unnið hefur verið að endurskoðun á Alþjóðaskrifstofunni um nokkra hríð og er verkefnið á lokastigi.

Endurskoðun á skipulagi upplýsingatæknimála.

- Í undirbúningi er mótun heildstæðrar stefnu og skipulagi á sviði upplýsingatæknimála.

Eftirfylgni sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

- Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust formlega 1. júlí 2008 um leið og nýtt skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands tók gildi. Unnið hefur verið að auknu samstarfi Menntavísindasviðs og annarra fræðasviða Háskóla Íslands til að tryggja samlegðaráhrif á sviði kennaramenntunar.

Fjármál

Aldarafmælistjóður 2012-2014.

- Tillaga um ráðstöfun fjár úr Aldarafmælistjóði var samþykkt í háskólaráði vorið 2012 og er unnið að nánari útfærslu einstakra þátta.

Samkennsla.

- Tillögur starfshóps liggja fyrir og verið er að fylgja þeim eftir.

Undirbúningur fyrir fjárlagagerð 2013.

- Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2013 hefur verið lagt fram og er Háskóli Íslands að fylgja því eftir, m.a. með því að setja fram kröfur um viðbótarframlag vegna umfram nemendaígilda, hækkun einingaverðs reikniflokka, kjaramál starfsmanna og þjónustu við fatlaða nemendur.

Kjaramál.

- Viðræður við stjórnvöld standa yfir.

Styrktarsjóðir.

- Opnaður hefur nýr vefur Styrktarsjóða Háskóla Íslands og unnið er að áætlun um meðferð og ráðstöfun gjafa sem háskólanum berast.

Nýliðun starfsfólks.

- Fyrir tilstilli Aldarafmælisjóðs verður unnt að efla nýliðun starfsfólks á næstu árum með fjölgun lektora og nýdoktora.

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna rannsóknasetra Háskóla Íslands.

- Drög að samningi liggja fyrir og er stefnt að því að ljúka gerð hans fyrir árslok 2012.

Byggingarverkefni og nýframkvæmdir

Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs á LSH-svæðinu, Hús íslenskra fræða, þarfagreining fyrir Menntavísindasvið, Háskólabíó, stækkun Háskólators, friðlandið í Vatnsmýrinni.

- Fjöldmörg byggingarverkefni eru í undirbúningi eða standa yfir. Niðurstaða dómnefndar í hönnunarsamkeppni um hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur (3000 m²) var kynnt í maí sl., forhönnun nýbyggingar fyrir Heilbrigðisvísindasvið (9000 fm) er lokið, hönnun á Húsi íslenskra fræða (6000 fm) er lokið og er vonast til að unnt verði að hefja framkvæmdir 2013. Þá hefur deiliskipulag vegna nýbyggingar fyrir Menntavísindasvið (14.000-15.000 fm) verið samþykkt og er unnið að endurskoðun þarfagreiningar. Ákveðið hefur verið að Háskóli Íslands leysi til sín fasteigninga Háskólabíó, unnið er að stækkun Háskólators (750 fm) og lokið er endurheimt votlendis í friðlandi austan Sæmundargötu.

Helstu viðhaldsverkefni: Oddi, Íþróttahús, Askja, Stakkahlíð og Laugarvatn.

- Framkvæmdum við Odda er að mestu lokið, vinnu við Íþróttahús lýkur í haust, vinna við Öskju er í bið, framkvæmdir við Stakkahlíð eru í bið, vinna á Laugarvatni er í skoðun.

Aldarafmælisár – lærdómur og eftirfylgni

Hollvinastarf, Háskóli unga fólksins, Háskólalest o.fl.

- Hafinn er undirbúningur að skipulegri uppbyggingu hollvinastarfs. Þá stendur starfsemi Háskóla unga fólksins, Háskólalestarinnar, Vísindasmiðju í Háskólabíói, Biophilu-verkefnisins í samstarfi við Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg og margvísleg önnur fræðslustarfsemi með miklum blóma.

Upplýsingamiðlun

Ytri og innri vefur, fundir (háskólaráð, fundir rektors og fræðasviðsforseta, fundir fræðasviðsforseta á sviðum og í deildum, deildarfundir, fundir rektors í deildum og starfseiningum á vormisseri 2012, opnir fundir rektors), fundargerðir, fréttabréf o.fl.

- Fundargerðir háskólaráðs eru birtar á ytri vef skólans, haldnir eru vikulegir fundir rektors með forsetum fræðasviða, stjórnir fræðasviða funda reglulega og fundargerðir eru á vefnum, ítarlegar fundargerðir háskólaþings eru á vefnum, þing fræðasviða og deildarfundir eru haldnir reglulega, nýr ytri vefur opnaði sl. vor og stefnt er að opnun nýs innri vefs um komandi áramót, rektor heldur opna fundi 1-2 sinnum á misseri, fræðasvið gefa út fréttabréf, Tímarit HÍ kemur út árlega, þáttaröð um vísindin í háskólanum var sýnd á RÚV 2011 og önnur þáttaröð er í vinnslu, rektor heimsækir allar deildir og stjórnsýslusvið skólans á árinu 2012 o.fl.

Samstarf opinberra háskóla

Unnið að innleiðingu sameiginlegs upplýsingakerfis, samningur um aðgang nemenda þvert á skóla tekur gildi, hvata- og þróunarstyrkir auglýstir öðru sinni.

- Mikið starf hefur þegar verið unnið á vettvangi samstarfs opinberu háskólanna og hafa stjórnvöld ákveðið að framlengja fjárstuðningi við samstarfsverkefnið og í undirbúningi er að lögfesta það.

Á heildina litið er framkvæmd *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016* á áætlun